



Reykjavík, 13. apríl 2026

VEL26040029

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: Ábati og kostnaður við innleiðingu Solihull aðferðarinnar í starfi með börnum

#### Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 4. febrúar 2026 var samþykkt svohljóðandi tillaga um mat á kostnaði og ábata af innleiðingu Solihull aðferðarinnar í þjónustu velferðarsviðs:

*Velferðarráð samþykkir að fela velferðarsviði að framkvæma mat á bæði kostnaði og ábata af innleiðingu Solihull aðferðarinnar í starf velferðarsviðs með börnum. Í matinu skal sérstaklega fjallað um reynslu, árangur og niðurstöður annarra aðila sem hafa innleitt aðferðina.*

#### Áhrif Solihull aðferðarinnar

Solihull aðferðin var þróuð í Bretlandi og byggir á tengslakenningum, þroskasálfræði, taugalífeðlisfræði og atferlisfræði. Aðferðin miðar að því að efla tengsl, skilning og tilfinningalega seiglu barna og foreldra með áherslu á þrjár grunnstoðir: umhyggju, gagnkvæmni og atferlismótun.

Markmið aðferðarinnar er að:

- stuðla að öruggri tengslamyndun,
- efla tilfinningalegan þroska,
- hjálpa fagfólki að skilja hegðun sem tjáningarmáta,
- auka heildræna samvinnu fjölskyldna og fagfólks.

Geðverndarfélag Íslands er formlegur leyfishafi aðferðarinnar á Íslandi og sér um þjálfun og þróun námskeiða.

Samkvæmt helstu niðurstöðu rannsókna innan National Health Service í Englandi (NHS) hefur innleiðing Solihull leitt til:

- aukins skilnings fagfólks á hegðun barna og fjölskyldudýnamík,
- betri samskipta foreldra og barna,
- minni hegðunarvanda og betri félagsfærni barna,
- minnkaðs kvíða og streitu hjá foreldrum,
- aukinnar starfsánægju og trausts fagfólks á eigin færni.

Marktæk áhrif komu fram í ungbarnavernd þar sem hjúkrunarfræðingar upplifðu aukið samræmi í nálgun, meiri starfsánægju og að aðferðin krefst ekki aukins þjónustutíma.



Reykjavík



Sömu sögu er að segja frá íslenskum aðilum sem hafa innleitt aðferðina, en Keðjan hóf innleiðingu aðferðarinnar haustið 2024. Þeirra reynsla er að aðferðin nýtist bæði í beinu starfi og í handleiðslu við starfsmenn. Samræming vinnubragða hefur aukist og fagfólk upplifir aukið öryggi í starfi. Styður aðferðin sérstaklega við börn sem lent hafa í áföllum eða eiga við tengslavanda að stríða.

Mælanlegur árangur hefur komið fram hjá Keðjunni eftir innleiðingu aðferðarinnar 2024. Kannanir á árunum 2023 og 2025 sýna jákvæðar framfarir í mati foreldra.

Solihull-aðferðin hefur einnig verið innleidd á Íslandi hjá:

- Berginu – Headspace,
- Mánabergi
- BUGL
- Mæðra- og ungbarnavernd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Akraneskaupstað
- Mosfellsbæ

Þetta sýnir bæði breiða notkun og vaxandi faglega viðurkenningu innan íslensks þjónustukerfis við börn. Í rannsókn sem gerð var á viðhorfi fagfólks á aðferðum Solihull, voru 217 fagaðilar sem hafa fengið fræðslu og eru að innleiða aðferðina í sínu starfi spurðir. Fram kom að 97,7% fagfólks hefur jákvætt viðhorf til Solihull og telur aðferðina hagnýta í starfi, sérstaklega í tengslamyndun, samskiptum og tilfinningastjórnun.

### **Ábati og kostnaður við innleiðingu Solihull aðferðarinnar**

Innleiðing Solihull aðferðarinnar á velferðarsviði gæti haft sérstakan ávinning fyrir börn sem hafa lent í áföllum eða eiga við tengslavanda að stríða með því að efla tilfinningabroska og seiglu barnanna. Gæti aðferðin minnkað hegðunarvanda, aukið við félagsfærni og aukið jákvæð samskipti á milli foreldra og barna. Foreldrar fá betri skilning á hegðun sem og tjáningu barnanna og getur það bætt samskipti milli foreldra og barna. Með fræðslunni kemur fram að foreldrar lýsa minni streitu og kvíða við uppeldi barna sinna.

Ávinningur fyrir fagfólk velferðarsviðs fælist í að samræma vinnubrögð á öllum stigum þjónustunnar og gæti aukið á starfsánægju og faglegt öryggi fagaðila. Starfsmenn fá aukinn skilning, sameiginleg verkfæri, hugtök og sameiginlegt tungumál í þverfaglegu samstarfi. Ávinningur fyrir stjórnslu og þjónustukerfi væri betri samræming þjónustu milli deilda og fagaðila. Sterkari stoðkerfi til menntunar og handleiðslu starfsmanna, aukin gæði og gagnsæi þjónustu. Auk þess eykst snemmtæk íhlutun bæði innan barnaverndar og í forvarnarstarfi.

Áskoranir við innleiðingu Solihull aðferðarinnar eru bæði beinn kostnaður við þátttöku starfsmanna í tveggja daga grunnnámskeiðum og handleiðslu sem haldin eru af Geðverndarfélagi Íslands. Grunnnámskeið kostar 90 þúsund kr. á starfsmann og stendur í tvo daga frá kl. 9 til 16:30.

Óbeinn kostnaður innan starfseminnar er í formi tíma- og skipulagskostnaðar við að samþætta aðferðina í verklag og að viðhalda þekkingu með reglulegri þjálfun. Einnig þarf að setja aðferðina inn í gæðakerfi og ferla þjónustu velferðarsviðs. Helstu áskoranir eru að tryggja samræmda innleiðingu milli deilda og sviða velferðarsviðs, forgangsraða þjálfun í ljósi mannafla og fjárhags og að tryggja að handleiðsla sé viðvarandi, ekki eingöngu á innleiðingartíma.





Heildarniðurstaða velferðarsviðs, sem byggir á gögnum bæði innanlands og erlendis, sýnir að Solihull aðferðin hefur verulegan ávinning í för með sér fyrir börn, foreldra, fagfólk og þjónustukerfi.

Mikilvægir styrkleikar sem hafa verið staðfestir bæði í rannsóknum og reynslu:

- betri tengsl foreldra og barna
- bætt hegðun og minni erfiðleikar barna
- aukin starfsánægja og öryggi fagfólks
- samræmt tungumál og verklag í þjónustu
- jákvæðar breytingar sem mælast í notendakönnunum meðal foreldra.

Ávinningurinn vegur þungt bæði faglega og þjónustulega séð. Kostnaður við innleiðingu er hóflegur miðað við ávinninginn, sérstaklega þar sem aðferðin krefst ekki aukins þjónustutíma og getur komið í veg fyrir dýrari úrræði síðar. Varðandi kostnað á innleiðingu Solihull þá hafa starfsmenn annarra sveitarfélaga nýtt fræðslusjóði stéttarfélaganna / starfsmenntunarsjóði sína. Grunnnámskeið fer því ekki á kostnað velferðarsviðs. Innifalið í grunnnámskeiðum eru einn og hálfur handleiðslutími.

Ef ákveðið verður að fjármagna og innleiða Solihull aðferðina inn í starfmannahóp velferðarsviðs þá væru næstu skref að:

- Greina umfang þjálfunar og meta fjölda starfsmanna í fyrsta áfanga (t.d. uppeldisráðgjafar, barnaverndarstarfsmenn, félagsráðgjafar)
- Hefja kerfisbundna þjálfun með grunnnámskeiði og handleiðslu í gegnum Geðverndarfélag Íslands
- Þjálfu upp leiðbeinendur (líkt og Keðjan hefur gert)
- Innleiða aðferðina í gæðakerfi velferðarsviðs og verkferla
- Mæla reglulega áhrif með foreldrakönnunum, starfsmannamati og þjónustugögnum

